

Ár 2011, þriðjudaginn 22. nóvember, er í Félagsdómi í málinu nr. 7/2011,

Blaðamannafélag Íslands vegna
Tómasar Gunnarssonar,
Freys Arnarsonar,
Guðmundar Bergkvist,
Ragnars Santos,
Vilhjálmss Þórs Guðmundssonar og
Þórs Ægissonar
gegn
Ríkisútvarpinu ohf. og til
réttargæslu Félagi tæknifólks í rafiðnaði og
Félagi rafeindavirkja

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta var dómtekið 11. október sl.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Gylfi Knudsen, Kristjana Jónsdóttir, Valgeir Pálsson og Lára V. Júlíusdóttir.

Stefnandi er Blaðamannafélag Íslands, kt. 690372-0109, Síðumúla 23, 108, Reykjavík, vegna Tómasar Gunnarssonar, kt. 060659-3709, Freys Arnarsonar, kt. 110368-4619, Guðmundar Bergkvist, kt. 300372-3259, Ragnars Santos, kt. 150772-3389, Vilhjálms Þórs Guðmundssonar, kt. 230554-5529 og Þórs Ægissonar, kt. 220854-7449.

Stefndi er Ríkisútvarpið ohf. kt. 600307-0450, Efstaleiti 1, 150 Reykjavík, og til réttargæslu Félag tæknifólks í rafiðnaði, kt. 560493-3049, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík og Félag rafeindavirkja, kt. 610174-2139, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

1. Að viðurkennt verði með dómi að Blaðamannafélag Íslands fari með samningsaðild fyrir þá við gerð kjarasamninga vegna starfa þeirra hjá Ríkisútvarpinu ohf.
2. Að viðurkennt verði að kjarasamningur Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins, dagsettur 29. nóvember 2005, sem endurnýjaður var hinn 2. desember 2009, gildi um laun og kjör stefnenda frá 31. mars 2008, en til vara frá öðru og síðara tímamarki að mati réttarins.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur á hendur réttargæslustefndu.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi stefnenda að skaðlausuv.

Málavextir

Stefnendur lýsa málavöxtum þannig, að þeir eigi það allir sammerkt að starfa sem svonefndir fréttatökumenn á fréttastofu sjónvarps hjá Ríkisútvarpinu ohf. Sinni stefnendur fréttatökum sem fara fram utan við starfsstöð Ríkisútvarpsins ohf. að Efstaleiti 1, Reykjavík.

Ríkisútvarpið ohf. hafi verið sett á stofn með lögum nr. 6/2007 og hafi félagið tekið yfir rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins frá og með 1. apríl 2007. Stefnendur hafi allir starfað hjá Ríkisútvarpinu við framangreind aðilaskipti og haldið áfram störfum hjá Ríkisútvarpinu ohf. Stefnandi Tómas hafi við aðilaskiptin verið félagsmaður í Félagi rafeindavirkja og aðrir stefnendur, Freyr, Guðmundur, Ragnar, Vilhjálmur og Þór, hafi verið félagsmenn í Félagi tæknifólks í rafiðnaði. Um kaup og kjör stefnenda hafi á þessum tíma farið eftir kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dagsettum 1. júní 2004, sem runnið hafi sitt skeið 31. mars 2008.

Með bréfum, dagsettum 29. febrúar 2008, hafi stefnandi Tómas tilkynnt Félagi rafeindavirkja um úrsögn sína úr félaginu og sama dag óskað eftir inngöngu í Blaðamannafélag Íslands. Afrit af bréfum þessum hafi verið send stefnda, Ríkisútvarpinu ohf. Með bréfi Blaðamannafélagsins, dagsettu 18. mars 2008, til Félags rafeindavirkja hafi úrsögn Tómasar verið árétuð og staðfest að Tómas hefði gengið í Blaðamannafélagið.

Með bréfi, dagsettu 29. febrúar 2008, hafi aðrir stefnendur tilkynnt Félagi tæknifólks í rafiðnaði um úrsögn sína úr félaginu. Sama dag hafi þeir óskað eftir inngöngu í Blaðamannafélagið. Afrit þessara tilkynninga hafi verið send stefnda. Með bréfi BÍ til Félags tæknifólks í rafiðnaði, dagsettu 18. mars 2008, hafi úrsögn stefnenda úr félaginu verið árétuð og staðfest að þessir menn hefðu gengið í Blaðamannafélagið.

Hinn 14. mars 2008 hafi Blaðamannafélagið sent stefnda bréf þar sem tilkynnt var að stefnendur hefðu gengið í félagið og falið því kjarasamningsfyrirsvar. Hafi í bréfunum verið áréttað að kjarasamningur, sem stefnendur væru bundnir af, myndi renna sitt skeið á enda 31. mars 2008 og af því tilefni hafi verið óskað eftir viðræðum um gerð nýs kjarasamnings við stefnda, enda félagið nýtt á hinum almenna vinnumarkaði. Hinn 21. maí 2008 hafi verið ítrekuð áður fram komin ósk Blaðamannafélagsins um kjarasamningsviðræður, sem og ósk um að staðið yrði skil á skilagreinum og iðgjöldum vegna stefnenda til félagsins. Með bréfi, dagsettu 3. júní 2008, hafi Blaðamannafélagið formlega óskað eftir viðræðum við Samtök atvinnulífsins um gerð kjarasamnings vegna stefnda.

Með bréfi Blaðamannafélagsins til stefnda, dagsettu 23. september 2008, hafi enn á ný verið vakin athygli á því að ekki hefðu borist skilagreinar eða skil félagsgjalda til félagsins

vegna stefnenda. Bréfinu hafi verið svarað af hálfu stefnda með bréfi, dagsettu 3. október 2008, þar sem upplýst var að félagsgjöld og önnur sjóðagjöld vegna stefnenda hefðu verið greidd til Félags tæknifólks í rafiðnaði og Félags rafeindavirkja, og því borið við að ekki hefði verið lögð fram staðfesting á lokum aðildar stefnenda að nefndum stéttarfélögum. Með bréfi Blaðamannafélagsins til stefnda, dagsettu 7. október 2008, hafi fyrri tilkynningar stefnenda verið sendar stefnda á ný og í framhaldi, eða hinn 11. nóvember 2008, hafi stefndi staðið skil á skilagreinum og sjóðagjöldum vegna stefnenda til Blaðamannafélagsins fyrir nóvembermánuð 2008 og hafi svo verið allt frá þeim tíma.

Í bréfi Blaðamannafélagsins, dagsettu 11. nóvember 2008, hafi verið vakin athygli stefnda á því, að kjör stefnenda yrðu að lágmarki að nema þeim kjörum sem kveðið væri á um í almennum kjarasamningi Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 og 5. og 7. gr. laga nr. 80/1938. Hafi verið óskað staðfestingar á því að kjör stefnenda uppfylltu þessi skilyrði. Með bréfi stefnda til Blaðamannafélagsins, dagsettu 26. nóvember 2008, hafi verið óskað nánari skýringa á tilteknum atriðum í tengslum við hinn almenna kjarasamning Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins. Hafi sérstaklega verið tekið fram að svo virtist sem mörg ákvæði kjarasamningsins væru afmörkuð fyrir blaðamenn og þeirri skoðun lýst að litið væri svo á að stefnendur væru bundnir af kjarasamningi Rafiðnaðarsambandsins og Samtaka atvinnulífsins út gildistíma þess samnings, eða til 30. nóvember 2010, þar sem sá samningur hefði verið í gildi þegar stefnendur gengu úr Rafiðnaðarsambandinu. Bréfi stefnda hafi verið svarað með bréfi Blaðamannafélagsins, dagsettu 7. janúar 2009. Í bréfinu hafi verið áréttaður sá skilningur félagsins að kjarasamningur Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins væri lágmarkssamningur um kaup og kjör allra félagsmanna í félaginu, hvort heldur þeir gegndu störfum sem blaðamenn eða öðrum þeim störfum sem heimiluðu þeim aðild að félaginu samkvæmt lögum þess. Þeirri skoðun stefnda, að stefnendur teldust bundnir af kjarasamningi Rafiðnaðarsambandsins og Samtaka atvinnulífsins hafi verið mótmælt og ítrekað að stefnendur hefðu verið bundnir af kjarasamningi Rafiðnaðarsambandsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, en að sá samningur hefði runnið út 31. mars 2008.

Fulltrúar Blaðamannafélagsins og stefnda, ásamt fulltrúa frá Samtökum atvinnulífsins, hafi átt í viðræðum um mál stefnenda en án árangurs. Af hálfu stefnda hafi því verið lýst yfir að félagið viðurkenndi ekki að aðalkjarasamningur Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins næði til starfa stefnenda sem fréttatökumanna hjá stefnda., sbr. síðast tölvupóst þess efnis til Blaðamannafélagsins, dagsettan 15. júlí 2010. Hafi stefndi því til viðbótar reynt að knýja stefnendur til viðurkenningar á sjónarmiðum sínum með undirritun einstaklingsbundinna ráðningarsamninga. Stefnendur geti ekki sætt sig við afstöðu stefnda og telji hana ólögmeða. Af þeim sökum sé mál þetta höfðað vegna hlutaðeigandi starfsmanna sem félagsmanna í Blaðamannafélaginu til þess að fá leyst úr ágreiningi aðila um gildissvið

og túlkun kjarasamnings Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins gagnvart stefnendum.

Stefndi lýsir málavöxtum þannig að fréttamenn hjá Ríkisútvarpinu ohf. séu ekki meðlimir í Blaðamannafélaginu, heldur hafi þeir með sér sérstakt félag, Félag fréttamanna, og sérstakan kjarasamning við Ríkisútvarpið ohf. og hafi kjarasamningur Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins aldrei tekið til starfa á fréttastofum Ríkisútvarpsins.

Tæknimenn, sem starfi með fréttamönnum á fréttastofu Ríkisútvarpsins ohf., kvikmyndatökumenn og hljóðupptökumenn, hafi lengi verið félagsmenn í aðildarfélögum Rafiðnaðarsambands Íslands og ráðningarsamningar þeirra byggst á kjarasamningi sambandsins. Í ráðningarsamningum stefnenda sé vísað til kjarasamninga aðildarfélaga Rafiðnaðarsambandsins og ákvæði þeirra gerð að hluta af ráðningarkjörum. Starfheitið fréttatökumenn hafi ekki verið notað hjá Ríkisútvarpinu ohf.

Samtök atvinnulífsins hafi í febrúar 2008 gert kjarasamninga við Eflingu og Rafiðnaðarsambandið sem taki almennt til aðildarfyrirtækja samtakanna, m.a. Ríkisútvarpsins. Til hafi staðið að gera sérstakan kjarasamning vegna Ríkisútvarpsins ohf. við Rafiðnaðarsambandið en af því hafi ekki orðið. Hins vegar hafi af samtakanna hálfu, um mitt ár 2008, verið gerðir sérstakir kjarasamningar vegna Ríkisútvarpsins ohf. við Útgarð ofl., Félag fréttamanna og Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins og taki þeir aðeins til starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf.

Síðastgildandi kjarasamningur Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins hafi verið gerður 2. desember 2009 og tekið til tímabilsins frá 1. febrúar það ár til 31. desember 2010 er hann féll úr gildi samkvæmt ákvæðum sínum, án sérstakrar uppsagnar, sama dag og Ríkisútvarpið ohf. gekk úr SA. Sá kjarasamningur, sem í gildi hafi verið næstur á undan þessum, hafi verið gerður 29. nóvember 2005 og gilt til 31. október 2008. Ráðningarsamningar hjá Ríkisútvarpinu ohf. hafi aldrei byggst á ákvæðum þessa samnings, enda aldrei um það samið hvorki í ráðningarsamningum né við gerð kjarasamninga.

Fréttamenn á Stöð 2 séu í Blaðamannafélaginu en kjör þeirra byggist ekki á þeim samningi sem dómkröfur varða, heldur sé í gildi sérstakur kjarasamningur um störf þeirra þar.

Stefnendur hafi gengið úr aðildarfélögum Rafiðnaðarsambandsins 29. febrúar 2008 en gildislok kjarasamnings RSÍ og ríkisins hafi orðið 31. mars 2008 og um mitt það ár hafi í framkvæmd verið farið að byggja á kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Rafiðnaðarsambandsins í hans stað.

Ráðningarsamningar stefnenda vísi þannig enn til kjarasamnings Rafiðnaðarsambandsins og ráðningarkjör þeirra byggi á honum. Þeim hafi ekki verið breytt þar sem ekki hafi tekist um það samningur og þá hafi kjarasamningsumleitarnir ekki heldur leitt til niðurstöðu. Félagsgjöldum sé hins vegar skilað til Blaðamannafélagsins í samræmi við óskir stefnenda.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að stefndi Ríkisútvarpið ohf. hafi viðurkennt stéttarfélagsaðild stefnanda að Blaðamannafélaginu, enda fæli gagnstæð afstaða í sér brot gegn félagafrelsisákvæði 74 gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem veittu samningnum lagagildi á Íslandi, sem og ákvæði 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Af því leiði að starfsmenn verði ekki þvingaðir til þess að fá stéttarfélagi, sem þeir hafa sagt sig úr og vilja ekki vera í, umboð til þess að gera kjarasamninga fyrir þeirra hönd, án skýrrar og ótvíræðrar lagaheimildar, sbr. m.a. forsendur Félagsdóms í máli nr. 9/1999. Skilagreinar og sjóðagjöld hafi borist frá stefnda vegna stefnanda allt frá 11. nóvember 2008 og frá sama tíma hafi engar greiðslur verið inntar af hendi til réttargæslustefndu vegna starfa stefnanda hjá stefnda. Engar athugasemdir hafi komið frá réttargæslustefndu vegna þessa eða vegna úrsagna stefnanda.

Blaðamannafélagið sé stéttarfélag sem starfi á grunni ákvæða laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt gr. 2.1. í lögum félagsins geti allir þeir orðið félagar að Blaðamannafélaginu sem hafa fjölmiðlun að aðalstarfi eða eru fastráðnir starfsmenn ritstjórna á dagblöðum, vikublöðum, sértímaritum, landshlutablöðum og fréttastofum útvarps- og sjónvarpsstöðva, sem og aðrir þeir sem fastráðnir eru við fréttar- og fjölmiðlun á launakjörum sem félagið hefur samið um eða gefið út taxta fyrir. Þar með séu taldir blaðamenn, fréttamenn, útlitsteiknarar, prófarkarlesarar, handritalesarar, ljósmyndarar, safnverðir, ritstjórar, ritstjórnarfulltrúar, fréttastjórar, dagskrárgerðarmenn fréttadeilda útvarps- og sjónvarpsstöðva hljóð- og tókumenn, tækni og aðstoðarfólk á dagskrár- og fréttadeildum. Í samræmi við framangreint ákvæði hafi stefnendur öðlast aðild að BÍ við inngöngu í félagið hinn 29. febrúar 2008, samhliða úrsögnum úr Félagi tæknifólks í rafiðnaði og Félagi rafeindavirkja.

Blaðamannafélagið hafi um árábil gert almennan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins um þau störf sem félagið hefur samningsaðild fyrir. Við inngöngu stefnanda í Blaðamannafélagið hafi verið í gildi kjarasamningur, dagsettur 29. nóvember 2005, sem gilt hafi til 31. október 2008, en síðast gildandi samningur sé dagsettur 2. desember 2009 með gildistíma til 31. desember 2010. Upplýst sé að stefndi hafi gengið í raðir Samtaka atvinnulífsins þann 10. desember 2007, en stefndi hafi gengið úr samtökunum frá síðustu áramótum að telja (2010/2011), sem skýri varnaraðild málsins. Nú sé upplýst að stefndi hafi gengið aftur í samtökin 5. ágúst sl. Stefndi hafi verið bundinn af kjarasamningi Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins, sem eitt af aðildarfélögum samtakanna á framangreindu tímamarki. Ákvæði samningsins, sem sé aðalkjarasamningur, gildi í heild sinni um þau störf sem Blaðamannafélagið hafi samningsaðild fyrir, þ.m.t. störf stefnanda, og kveði samningurinn á um lágmarkskjör á hinum almenna vinnumarkaði á samningssvæði Blaðamannafélagsins í þeim starfsgreinum sem félagið fari með samningsaðild fyrir og tilgreindar séu í lögum félagsins, sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1980 og 5. og 7. gr. laga nr.

80/1938. Sé í því sambandi m.a. á því byggt, gagnstætt því sem stefndi hafi ýjað að, að beita beri rúmri skýringu á orðmyndum hugtaksins „blaðamaður“ í kjarasamningnum með vísan til heitis, efnis, eðlis, tilgangs og forsögu kjarasamningsins og samanburðarskýringar á ákvæðum kjarasamningsins, laga Blaðamannafélagsins, heiti félagsins, ákvæðum laga nr. 80/1938 og síðast en ekki síst með vísan til framkvæmdar kjarasamningsins varðandi kjör þeirra félagsmanna Blaðamannafélagsins sem gegna öðrum stöfum en starfi „blaðamanns“ í þröngri merkingu þess orðs, sbr. t.a.m. ljósmyndarar. Ljósmyndarar hafi þannig, svo dæmi sé tekið, notið réttar til þriggja mánaða leyfis, en í störfum sínum hafi þeir í auknum mæli færst nær störfum stefnenda vegna tækniframfara við myndbandsupptökur. Fréttamenn hjá Ríkisútvarpinu ohf. hafi og notið sama réttar. Skýra beri kjarasamninginn á þann veg að hugtakið „blaðamaður“ í aðalkjarasamningnum nái til starfsgreinar stefnenda, fréttatökumanna, sem Blaðamannafélagið hafi samningsaðild fyrir. Samningurinn beri með sér hvenær tilteknum ákvæðum hans sé að öðru leyti ætlað að gilda sérstaklega um tiltekna starfsgrein, sbr. t.d. ákvæði V. kafla sem fjalli sérstaklega um handritalesara.

Starf stefnenda sem fréttatökumanna á fréttastofu sjónvarps utan starfsstöðvarinnar að Efstaleiti 1 sé hið sama eða verði öldungis jafnað við starf fréttamanna sjónvarps, en þessir aðilar vinni sem teymi á vettvangi við fréttaumfjöllun af hinum ýmsu þjóðfélagsatburðum.

Stefndi hafi verið settur á stofn með setningu laga nr. 6/2007 og hafi hann tekið yfir allan rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins frá 1. apríl 2007. Frá sama tíma hafi fallið úr gildi lög nr. 122/2000, um ríkisútvarpið, og ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verið lögð niður. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögum 6/2007 sé sérstaklega vísað til þess að um réttindi og skyldur starfsmanna fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtæki, eftir því sem við eigi. Í 2. mgr. 3. gr. síðargreindra laga sé kveðið á um það að framsalshafi skuli virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verði sagt upp eða hann renni út eða þar til annar kjarasamningur öðlist gildi eða komi til framkvæmda.

Við aðilaskipti að rekstri Ríkisútvarpsins hafi verið í gildi kjarasamningur milli RSÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og hafi sá samningur gilt um kaup og kjör stefnenda. Efni sínu samkvæmt hafi samningurinn runnið út þann 31 mars 2008 og hafi stefnendur verið bundnir af ákvæðum hans til loka hans. Frá sama tíma, 31. mars 2008, hafi Ríkisútvarpið ohf. verið bundið af samningi Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins, sem eitt aðildarfélaga samtakanna á þeim tíma, sbr. og ákvæði 1. gr. laga nr. 55/1980. Mómælt sé sem rangri og ekki síður ósannaðri þeirri málástæðu stefnda, að stefnendur teljist vera bundnir af kjarasamningi Rafiðnaðarsambandsins og Samtaka atvinnulífsins, sem gerður var á árinu 2008, eða að þeim samningi hafi yfir höfuð verið ætlað að gilda um störf stefnenda sem fréttatökumanna hjá stefnda. Á því tímamarki sem samningur Rafiðnaðarsambandsins og Samtaka atvinnulífsins var endurnýjaður á árinu 2008, hafi verið í gildi kjarasamningur milli

Rafiðnaðarsambandsins og ríkisins sem tekið hafi til starfa stefnenda. Því verði hvergi fundinn staður í kjarasamningi Rafiðnaðarsambandsins og Samtaka atvinnulífsins að þeim samningi hafi verið ætlað að yfirtaka og/eða stytta gildistíma samnings Rafiðnaðarsambandsins og ríkisins gagnvart stefnendum sem starfsmönnum stefnda. Samningur Rafiðnaðarsambandsins og Samtaka atvinnulífsins hefði þannig í fyrsta lagi getað tekið gildi gagnvart stefnendum frá lokum gildistíma samnings Rafiðnaðarsambandsins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, 31. mars 2008, en á því tímamarki hafi stefnendur ekki lengur verið félagsmenn í aðildarfélögum Rafiðnaðarsambandsins. Samningur Rafiðnaðarsambandsins og Samtaka atvinnulífsins, sem gildi afturvirkir frá 1. febrúar 2008, sé óskuldbindandi fyrir stefnendur og hafi stefnendum aldrei verið gefinn kostur á að greiða atkvæði um hann. Þess utan liggi fyrir að á því tímamarki, sem úrsögn stefnenda átti sér stað úr hinum réttargæslustefndu stéttarfélögum, hafði aðalkjarasamningur Samtaka atvinnulífsins og Rafiðnaðarsambandsins ekki tekið gildi eða hlotið endanlegt samþykki, þar sem atkvæðagreiðslu um samninginn hafi ekki lokið fyrr en í marsmánuði 2008.

Stefnendur sækja mál þetta á grundvelli ákvæða laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, einkum 2. tl. 1. mgr. 44. gr. Málskostnaðarkrafa styðjist við reglur XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og krafa um virðisaukaskatt á málskostnað við ákvæði laga 50/1988, um virðisaukaskatt.

Málsástæður stefnda og lagarök

Sýknukröfu sinni til stuðnings vísar stefndi til þess að eftir að stefnendur gengu úr aðildarfélögum Rafiðnaðarsambands Íslands og í Blaðamannafélagið hafi af hálfu þess félags verið óskað eftir viðræðum um gerð kjarasamnings sem tæki til starfa þeirra hjá Ríkisútvarpinu. Hafi aldrei verið kjarasamningssamband milli Ríkisútvarpsins ohf. og Blaðamannafélagsins og ráðningarsamningar starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf. hafi aldrei verið byggðir á kjarasamningum þess félags. Ekkert fái undirstrikað þessa staðreynd betur en sú ósk Blaðamannafélagsins að gengið yrði til viðræðna um gerð kjarasamnings. Sú viðurkenning á þessari staðreynd, sem felist í greindri beiðni, sé bindandi yfirlýsing og í fullkominni mótsögn við þá kröfu sem stefnendur setji fram undir lið 2 í kröfugerð sinni.

Þá bendir stefndi á að kröfuliðir nr. 1 og 2 í dómkröfum stefnenda séu í mótsögn hvor við annan. Ekki fari saman að krefjast þess í öðru orðinu að réttur til að gera kjarasamning verði viðurkenndur með dómi en krefjast svo í hinu orðinu viðurkenningar Félagsdóms á því að hann sé kominn á. Það þurfi tvo aðila hið fæsta til að gera samning, enda sé samningur ekki einhliða löggerningur svo sem beiðni Blaðamannafélagsins til Ríkisútvarpsins ohf. og Samtaka atvinnulífsins beri með sér.

Viðræður Blaðamannafélagsins og Ríkisútvarpsins ohf. um gerð kjarasamnings fyrir stefnendur hafi ekki gengið vel og ekki leitt til niðurstöðu. Þá hafi fyrirsvarsmönnum

Blaðamannafélagsins hugkvæmst að sá samningur, sem félagið hafði við Samtök atvinnulífsins vegna blaðaútgefenda, skuldbindi Ríkisútvarpið ohf. skilyrðislaust til að breyta ráðningarsamningum sínum við stefnendur og taka upp í þá tilvísun í kjarasamning blaðaútgefenda í stað RSÍ. Telji Blaðamannafélagið 1. gr. laga nr. 55/1980 leiða til þeirrar niðurstöðu að kominn sé á kjarasamningur milli Ríkisútvarpsins ohf. og Blaðamannafélagsins og styður dómkröfu sína í 2. kröfulið þeim málsástæðum og lagarökum.

Fyrirmæli 1. gr. laga nr. 55/1980 lúti hins vegar að efni og gerð ráðningarsamninga en ekki kjarasamninga. Skylt sé að haga ráðningarsamningum með þeim hætti sem fyrirmæli lagaákvæðisins bjóði. Það mæli fyrir um ráðningarkjör en mæli ekki fyrir um kjarasamningsaðild, enda hafi ákvæðinu á sínum tíma verið beint gegn ófélagsbundnum atvinnurekendum sem ekki höfðu með kjarasamningsaðild bundist neinum skuldbindingum. Ríkisútvarpið ohf. sé ekki í þeirri stöðu, heldur geri það kjarasamning við Félag fréttamanna um hliðstæð störf og blaðamenn gegna hjá blaðaútgefendum og við Rafiðnaðarsambandið um þau störf sem stefnendur gegna hjá því samkvæmt ráðningarsamningum sínum sem ekki hafi orðið samkomulag um að breyta. Rafiðnaðarmenn skipti mörgum tugum í starfi hjá Ríkisútvarpinu ohf. og kjarasamningur þeirra fullnægi þeirri lýsingu tilvitnaðs lagaákvæðis að teljast samningur aðildarsamtaka á vinnumarkaði.

Þessu til áréttingar sé sú staðreynd að starfssystkin stefnenda á Stöð 2 og aðrir tæknimenn á þeirri útvarpsstöð séu í Rafiðnaðarsambandinu og taki laun og önnur starfskjör samkvæmt kjarasamningi við Rafiðnaðarsambandið. Þannig standi kjarasamningur, sem Rafiðnaðarsambandið hefur gert, miklu nær sem fullgild viðmiðun fyrir stefnendur samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980, en kjarasamningur Blaðamannafélagsins við blaðaútgefendur. Í þessu efni geti engum úrslitum ráðið þótt stefnendur geti samkvæmt lögum Blaðamannafélagsins átt þar aðild. Ekki sé beint og órjúfanlegt samhengi milli þess hvaða félagsmönnum eitt stéttarfélag stendur opið annars vegar og svo þess hins vegar til hverra þeir kjarasamningar taka sem félagið hefur gert og hvert gildissvið þeirra er.

Kjarasamningur Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins, sem dómkrafan í 2. kröfulið vísi til, greini ekki gildissvið sitt skýrum orðum, en ýmis ákvæði hans beri með sér að hann sé kjarasamningur blaðamanna við blaðaútgefendur. Sem dæmi megi taka þá grein sem mikið hafi verið deilt um í kjarasamningsviðræðum Ríkisútvarpsins ohf. og Blaðamannafélagsins nr. 4. 3. um „þriggja mánaða leyfi“. Í ákvæðum þessarar greinar sé vísað til 5 ára óslitins starfs „hjá sama blaði“. Samkvæmt því láti nærri að þessum lið kröfugerðar stefnenda felist krafa um að Félagsdómur skilgreini Ríkisútvarpið ohf. sem blað eða blaðaútgefanda. Blaðamannafélagið sé þó ekki sjálft sér samkvæmt í þessu efni því þar sem fréttamenn á sjónvarpsstöð eru innan félagsraða þess, starfi þeir alls ekki samkvæmt þeim samningi sem Blaðamannafélagið krefst að Ríkisútvarpið ohf. verði dæmt undir, heldur samkvæmt sérstökum kjarasamningi sem Blaðamannafélagið hafi gert við Samtök atvinnulífsins um störf fréttamanna á ljósvakamiðlum 365 samsteypunnar.

Þannig hafi Blaðamannafélagið staðfest það bæði í orði og á borði með kjarasamningnum um Stöð 2 að þeim kjarasamningi blaðaútgefenda, sem það hermir upp á Ríkisútvarpið ohf., sé ekki ætlað gildissvið á þeim vettvangi. Kröfugerðin í 2. kröfulið sé þannig í mótsögn við aðrar viljayfirlýsingar og löggerninga Blaðamannafélagsins sjálfs. Störf fréttamanna á ljósvakamiðlum hafi verið talin svo frábrugðin störfum blaðamanna að um þau þyrfti sérstakan kjarasamning.

Þá séu kvikmyndatökumenn á fréttastofu Stöðvar 2 í Rafiðnaðarsambandinu og það að nefna stefnendur fréttatökumenn færi þá ekki undir gildissvið kjarasamnings blaðaútgefenda. Það þurfi meira til, það þurfi samning um breytt ráðningarkjör sem ekki hafi verið gerður.

Í stefnu sé upp úr því lagt að samningur blaðaútgefenda taki til blaðaljósmyndara en að mati stefnda hafi það ekki þýðingu fyrir málsúrslit. Það hafi lengi verið viðtekið viðhorf blaðaútgefenda að blaðaljósmyndarar nytu hliðstæðrar réttarstöðu og blaðamenn. Engum slíkum skilningi sé til að dreifa varðandi kvikmyndatökumenn á fréttastofum ljósvakamiðlanna. Kvikmyndataka og ljósmyndun séu heldur ekki alls kostar samanburðarhæf störf. Ljósmyndun sé lögvernduð iðngrein og blaðaljósmyndarafélagið sé undirfélag í Blaðamannafélagi Íslands og eigi því afdráttarlausa og viðurkennda aðild að kjarasamningi þess við útgefendur. Fyrir þessu sé áratuga hefð en hefðin horfi allt öðru vísi við hvað varðar kvikmyndatökumenn á fréttastofum ljósvakamiðla.

Hið sama sé að segja um handritalesara samkvæmt kjarasamningi Blaðamannafélagsins við blaðaútgefendur en samkvæmt hefðinni sé ekki talið að þeir fáið við blaðamennsku, sbr. gr. 3.1.1., og þeir njóti ekki réttar samkvæmt ákvæðum greinar 4.3.

Loks sé til þess að líta, að sá kjarasamningur Blaðamannafélagsins og Samtaka atvinnulífsins, sem stefnendur krefjast dómsviðurkenningar á að liggja skuli ráðningarsamningum sínum til grundvallar, sé ekki í gildi en hann hafi fallið úr gildi hinn 31. desember 2010.

Niðurstaða

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru tvíþættar. Í fyrsta lagi er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að stefnandi, Blaðamannafélag Íslands, fari með samningsaðild fyrir sex nafngreinda félagsmenn sína sem eru starfsmenn stefnda, Ríkisútvarpsins ohf., við gerð kjarasamninga vegna starfa þeirra hjá stefnda. Í öðru lagi er þess krafist að viðurkennt verði að kjarasamningur stefnanda og Samtaka atvinnulífsins, dagsettur 29. nóvember 2005, sem endurnýjaður var hinn 2. desember 2009, gildi um laun og kjör stefnenda frá 31. mars 2008, en til vara frá öðru og síðara tímamarki að mati dómsins.

Stefnandi byggir á því varðandi fyrri kröfulið dómkrafnanna að umræddir félagsmenn stéttarfélagsins hafi sagt sig úr þeim stéttarfélögum, sem þeir voru áður í, sem eru réttargæslustefndu í málinu, og gengið í stefnanda svo sem stjórnarskrárvarinn og lögvarinn réttur þeirra standi til, sbr. félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 11.

gr. mannréttindasáttamála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, og 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hafi stefndi viðurkennt stéttarfélagsaðild umræddra félagsmanna stefnanda og skilagreinar og sjóðagjöld borist frá stefnda allt frá 11. nóvember 2008. Standist ekki að þvinga umrædda félagsmenn stefnanda til að fela stéttarfélögum, sem þeir hafi sagt sig úr, umboð til að gera kjarasamninga fyrir þeirra hönd. Engar athugasemdir hafi komið frá réttargæslustefndu, hvorki vegna skila á gjöldum né úrsagnanna. Störfum umræddra félagsmanna, er starfi sem svonefndir fréttatökumenn, verði fundinn staður í kjarasamningi stefnanda við Samtök atvinnulífsins en stefndi hafi verið innan vébanda þeirra samtaka á greindum tíma. Fram er komið að stefndi gekk úr Samtökum atvinnulífsins um síðustu áramót en gekk aftur í samtökin 5. ágúst sl.

Ágreiningslaust er að stefnendur gengu úr stéttarfélögum þeim innan Rafiðnaðarsambands Íslands, sem þeir höfðu áður tilheyrt, og í Blaðamannafélag Íslands með þeim hætti sem rakið hefur verið í málavaxtakafli hér að framan. Er óumdeilt að það var stefnendum heimilt. Meðlimur stéttarfélags, sem breytt hefur um stéttarfélagsaðild, er eftir sem áður bundinn af kjarasamningi þess stéttarfélags, sem hann gekk úr, meðan gildistími þess samnings varir, sbr. 2. mgr. 3. mgr. laga nr. 80/1938. Er óumdeilt að kjarasamningur fjármálaráðherra og Rafiðnaðarsambands Íslands, dagsettur 1. júní 2004, sem gildi um kaup og kjör stefnenda, rann út hinn 31. mars 2008.

Í 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, segir að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Samkvæmt lögum Blaðamannafélagsins er tilgangur þess sá, að gæta faglegra og stéttarlegra hagsmuna félagsmanna í hvívetna. Að þessu virtu og þegar litið er til stöðu Blaðamannafélagsins sem stéttarfélags verður ekki talið að neitt standi því í vegi að fyrri kröfuliður í dómkröfum stefnenda verði tekinn til greina og viðurkennt að félagið fari með samningsaðild fyrir stefnendur við gerð kjarasamninga vegna starfa þeirra hjá stefnda.

Stefndi vísar til þess að aldrei hafi verið kjarasamningssamband milli Ríkisútvarpsins ohf. og Blaðamannafélagsins og hafi Blaðamannafélagið óskað eftir viðræðum við stefnda um gerð kjarasamnings, sem tæki til starfa stefnenda hjá stefnda, eftir að stefnendur gengu úr aðildarfélögum Rafiðnaðarsambands Íslands og í Blaðamannafélagið. Byggir stefndi á því að þessi ósk Blaðamannafélagsins feli í sér bindandi yfirlýsingu sem sé í mótsögn við kröfu stefnenda í 2. kröfulið þeirra. Ekki verður á þetta fallist með stefnda, enda felst ekki í framangreindri ósk um kjarasamningsviðræður yfirlýsing sem girt getur fyrir að stefnendur geri kröfu um viðurkenningu á að tiltekinn kjarasamningur gildi um laun og kjör þeirra eins og gert er í 2. lið dómkrafnanna. Þá verður hvorki fallist á það með stefnda að í kröfu stefnenda samkvæmt 2. kröfulið felist krafa um breytingu á ráðningarsamningum aðila, sem raunar er utan valdsviðs Félagsdóms, né að tilgreining á samningsaðilum kjarasamnings í texta á heimasíðu Blaðamannafélagsins sé bindandi fyrir stefnendur að þessu leyti.

Í síðasta kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Blaðamannafélags Íslands frá 2. desember 2009, sem nú hefur verið framlengdur til ársins 2014, er ekki að finna skýr ákvæði um gildissvið hans en í kafla um röðun í launaflokka er talað um blaðamenn og þeim raðað í launaflokka eftir menntun eða starfsreynslu. Af hálfu stefnda er á því byggt að ákvæði samningsins beri með sér að hann geti ekki tekið til þeirra, sem starfa á ljósvakamiðlum, enda sé þar einungis vísað til útgefenda og blaðamanna. Beri því að beita þrengri skýringarkosti við afmörkun á hugtakinu blaðamaður að því er þetta varðar. Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins, tók undir þessi sjónarmið stefnda í skýrslu sinni fyrir dóminum og kvaðst ekki vita til þess að þetta atriði hefði komið til umræðu við kjarasamningsgerð, heldur hefði fremur verið lögð áhersla á sérstöðu blaðamanna. Hins vegar var það skilningur Hjálmars Jónssonar, formanns Blaðamannafélags Íslands, og Lúðvíks Geirssonar, fyrrverandi formanns sama félags, að ekki hefði verið litið svo á að hugtakið blaðamaður ætti einungis við um þá, sem ynnu á prentmiðlum, heldur tæki það jafnframt til þeirra, sem ynnu störf sem yrði jafnað til starfa þeirra sem hér ættu hlut að máli. Benda stefnendur einnig á þá staðreynd að fréttamenn og fréttatökumenn starfi saman að fréttaoðflun á vettvangi og séu störf þeirra því sambærileg. Þá liggur fyrir að samkvæmt grein 2.1. í lögum Blaðamannafélagsins geta þeir orðið aðilar að félaginu, sem hafa fjölmiðlun að aðalstarfi eða eru fastráðnir starfsmenn ritstjórna á dagblöðum eða öðrum prent- og vefmiðlum og einnig hjá fréttastofum útvarps- og sjónvarpsstöðva, svo og aðrir þeir, sem fastráðnir eru við frétt- og fjölmiðlun á launakjörum sem félagið hefur samið um eða gefið út taxta fyrir.

Að öllu framangreindu virtu er ekkert sem kemur í veg fyrir að þau störf sem stefnendur sinna hjá stefnda verði lögð að jöfnu við störf blaðamanna samkvæmt umræddum kjarasamningi. Það er því niðurstaða dómsins að taka verði dómkröfu stefnenda samkvæmt 2. tölulið til greina, sbr. fordæmi fyrir úrlausn krafna af þessum toga í dómum Félagsdóms frá 2. júlí 2001 í málinu nr. 9/2001 og frá 12. júlí 2004 í málinu nr. 2/2004. Verður fallist á að miða beri við það tímamark sem tilgreint er í kröfugerð, enda rann sá kjarasamningur fjármálaráðherra og Rafiðnaðarsambands Íslands, sem stefnendur voru bundnir af, sitt skeið á enda hinn 31. mars 2008, en þá voru stefnendur gengnir úr viðkomandi aðildarfélögum Rafiðnaðarsambands Íslands, eins og fram er komið. Tók þá hinn tilgreindi kjarasamningur Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins við en á greindum tíma var stefndi innan vébanda samtakanna.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnenda teknar til greina.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að stefndi greiði stefnanda, Blaðamannafélagi Íslands, 350.000 krónur í málskostnað.

D Ó M S O R Ð:

Viðurkennt er að stefnandi, Blaðamannafélag Íslands, fari með samningsaðild vegna Tómasar Gunnarssonar, Freys Arnarsonar, Guðmundar Bergkvist, Ragnars Santos, Vilhjálms

Pórs Guðmundssonar og Þórs Ægissonar við gerð kjarasamninga vegna starfa þeirra hjá stefnda, Ríkisútvarpinu ohf.

Viðurkennt er að kjarasamningur Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins, dagsettur 29. nóvember 2005, sem endurnýjaður var hinn 2. desember 2009, gildi um laun og kjör framangreindra stefnenda frá 31. mars 2008.

Stefndi, Ríkisútvarpið ohf., greiði stefnanda, Blaðamannafélagi Íslands, 350.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

Gylfi Knudsen

Kristjana Jónsdóttir

Valgeir Pálsson

Lára V. Júlíusdóttir